



## Hönnunarreglur fyrir sorpgeymslur, sorpgerði og niðurgrafin sorpílát í Kópavogi við fjölbýlishús

Kópavogsbær leggur heimilum í sveitafélaginu til sorpílát, stærðir – 240l, 360l, og 660 lítra tunnur/kör.

Við stærri fjölbýlishús eru sorpgeymslur innanhúss eða yfirbyggð gerði utanhúss fyrir 660 l kör, en einnig er hægt að sækja um að nota annarskonar sorpílát en Kópavogsbær leggur til, t.d. niðurgrafin sorpílát, staðsetning, stærð og gerð þessara íláta skulu samþykkjast af umhverfissviði Kópavogs. Kostnaður af þessum ílátum og niðursetningu skal greiðast af umsækjanda/húsbyggjanda.

Við ákvarðanatöku um stærð og fjölda sorpílláta við stærri fjölbýlishús í Kópavogi þá er tafla 1, höfð til viðmiðunar við hönnun á sorpgeymslum, sorpgerði og / eða niðurgrafin sorpílát. Þegar gert er ráð fyrir niðurgrofnum ílátum skal gera ráð fyrir að unnt sé að bæta við þriðja sorpíllátinu fyrir aukna flokkun. Við sérbyli eða fjölbýli með 4 íbúðir eða færri skal gera ráð fyrir 2\*240 lítrar per íbúð. Taflan er ekki ætluð til notkunar við innheimtu sorpgjalda.

Öll sorpílát skulu staðsett þannig að aðgengi að þeim frá götu eða bílastæðum sé gott. Ef sótt er um að vera með niðurgrafna gáma þá þarf að tryggja að sorpbíll komist að sorpíllátunum svo unnt sé að losa ílátin með krana. Sorpílát skulu vera innan lóðarmarka nema deiliskipulag segi til um annað, þau skulu standa sem næst andyrrí fjölbýlishússins og ekki lengra frá andyri en 40m.

Í töflunni hér að neðan skal deila heildar lítrar fjölda í tvennt þ.e.a.s. annars vegar 50% fyrir almennt sorp og 50% fyrir endurvinnsluefni.

Tafla 1: Viðmiðunartafla við hönnun á sorpgeymslum, sorpgerði og / eða niðurgrafin sorpílát við fjölbýlishús í Kópavogi.

Áætlaðir lítrar á íbúð eftir tegund í fjölbýli með meira en 4 íbúðir			
herbergi*	lítrar per tegund íbúðar**	Fjöldi íbúða	Heildar lítrar miðað við fjölda íbúða.
1 (stúdíó íbúð)	240		
2	360		
3	360		
4	480		
5	480		
6	480		
<b>Heild</b>	-	-	-

\*þegar talað er um X herbergja íbúð þá er átt við herbergi + stofa osf.

\*\* hér er átt við heildar lítrar per tegund íbúðar, uppgefnir lítrar skiptast til helminga 50% almennt sorp og 50% endurvinnslu efni.